

Reglur þessar um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur hafa eftirtaldar rafveitur samið og samþykkt sem sjálfstæðan viðauka við reglugerðir þeirra:

Hitaveita Suðurnesja,	sbr. III og IV kafla reglug. nr. 89/1990
Bæjarveitur Vestmannaeyja,	sbr. 16. gr., reglug. nr. 241/1990
Orkubú Vestfjarða,	sbr. II og III kafla reglug. nr. 192/1978
Rafmagnsveita Reykjavíkur,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 451/1977, með síðari breytingum
Rafmagnsveitur ríkisins,	sbr. 13. gr., reglug. nr. 112/1968, með síðari breytingum
Rafveita Akureyrar,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 458/1979, með síðari breytingum
Rafveita Borgarness,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 39/1948
Rafveita Eyrarbakka,	sbr. reglug. nr. 11/1940
Rafveita Hafnarfjarðar,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 177/1939, með síðari breytingum
Rafveita Húsavíkur,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 470/1979, með síðari breytingum
Rafveita Hveragerðis,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 125/1947
Rafveita Reyðarfjarðar,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 15/1949
Rafveita Sauðárkróks,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 8/1950
Rafveita Siglufjarðar,	sbr. 11. gr., reglug. nr. 62/1949
Rafveita Stokkseyrar,	sbr. reglug. nr. 8/1925
Selfossveitur,	sbr. 15. gr., bráðabirgðareglug. nr. 57/1989, með síðari breytingum

Reglugerðarviðauki þessi, um tæknilega tengiskilmála fyrir ofangreindar rafveitur, staðfestist hér með, samkv. 24. gr. laga nr. 58/1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytið, 25. september 1990.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ársæls Sigurðssonar og Sigurbjargar Pálsdóttur.

Til samræmis við erfðaskrá, Sigurbjargar Pálsdóttur, kt. 060707-2359, Blönduhlíð 7, Reykjavík, dags. 6. júní 1988, stofnar undirritaður skiptaforstjóri í dánarbúinu sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ársæls Sigurðssonar og Sigurbjargar Pálsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3 688 231.00 – þrjármilljónirsexhundruðáttatíuog áttaþúsundtvö-
hundruðþrjátíuogeinkróna – er haldast skal óskert.

Verðtryggja skal stofnfé sjóðsins, en að öðru leyti ræður stjórn hans ávöxtunarleið.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

10% af árlegum nettótekjum sjóðsins (þ.e. brúttótekjur að frádragnum stjórnunarkostnaði) skal lagt við höfuðstól.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hæfan fræðimann til rannsókna á ættum Skaftfellinga og byggðasögu Vestur-Skaftafellssýslu og skal til þess varið 90% árlegra raunvaxta hans, sbr. ákvæði 3. gr., skv. ákvörðun sjóðsstjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir þrír menn:

Sveinn Pálsson, kt. 210612-3789, Blönduhlíð 7, Reykjavík.

Páll Ævar Pálsson, kt. 020760-2229, Borgarholtsbraut 32, Kópavogi.

Þórður Tómasson, kt. 280421-2949, safnvörður, Skógum undir Eyjafjöllum.

Hver stjórnarmaður tilnefnir sinn varamann.

Dómsmálaráðuneytið getur vikið stjórnarmanni frá störfum, ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann gerist sekur um verknáð sem að mati dómsmálaráðuneytisins gerir hann óverðugan til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Sjóðsstjórn semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sbr. og ákvæði 3. gr. l. nr. 19/1988.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun innan sjóðsstjórnar.

Stjórnin ákveður stjórnarmeðlimum þóknun fyrir störf þeirra að höfðu samráði við endurskoðanda sjóðsins, sbr. þó ákvæði 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

7. gr.

Samkvæmt heimild í nefndri erfðaskrá má stjórnin breyta skipulagsskrá þessari, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna, sbr. og ákvæði 6. gr. l. nr. 19/1988.

8. gr.

Taki sjóðsstjórn ákvörðun um að leggja sjóðinn niður vegna breyttra aðstæðna eða hún telji verkefni hans tæmd skal sjóðsfé skipt í jöfnum hlutföllum á milli eftirtaldrá:

1. Krabbameinsfélags Íslands.

2. Hjartaverndar, landssamtaka hjarta- og æðarverndarféлага á Íslandi.

3. Dvalarheimilis aldraðra í Vestur-Skaftafellssýslu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. september 1990.

Jóhannes Ásgeirsson, hdl.

skiptaforstjóri.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. september 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.